



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn að Þórisstöðum á Svalbarðsströnd 22. mars 2018 kl. 15:00.

Sigurlína J. Jóhannesdóttir formaður setti fundinn og tilnefndi Brynjar Skúlason fundarstjóra og Sigrúnu H. Þorsteinsdóttur ritara, í forföllum Helgu S. Bergsdóttur ritara stjórnar.

Brynjar tók við fundarstjórn og kynnti dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar 2017
3. Tillögur
4. Kosningar
5. Umræður
6. Önnur mál
7. Erindi

1. Skýrsla stjórnar.

Sigurlína formaður kynnti skýrslu stjórnar og fer hún hér á eftir.

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Löngumýri Skagafirði 15. mars 2017 var Birgir Steingrímsson kosinn nýr inn í stjórn í stað Davíðs Herbertssonar. Aðrir í stjórn eru: Sigurlína Jóhanna Jóhannesdóttir Snartarstöðum 2 formaður, Sigrún H. Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi varaformaður, Birgir Steingrímsson Litluströnd gjaldkeri, Helga Bergsdóttir Sauðárkróki ritari og Baldvin Haraldsson Stóru Hámundarstöðum meðstjórnandi.

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, auk þess vorum við í tölvu og símasambandi eftir þörfum. Við tókum virkan þátt í starfsemi Landssamtaka skógareigenda líkt og áður. Við fórum á LSE fundinn sem var haldinn á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp í október 2017. Við skipuðum einn mann í starfshóp LSE um hlutverk samtakanna. Við eigum einnig einn mann í nefnd á vegum samtakanna um jólatrjáræktun.

Í stjórn LSE fyrir hönd félagsins var Agnes Þórunn Guðbergsdóttir á Hróarsstöðum, en hún hætti á síðasta aðalfundi sem haldinn var á Reykjanesi í október og við tók Sigrún Þorsteinsdóttir Flugumýrarhvammi.

Formaðurinn tók þátt, fyrir hönd félagsins í samráðsfundum með Skógræktinni, LSE og formönnum allra aðildarfélaga, auk þess að fara á formannafundi með LSE.

Við tókum virkan þátt í skógardeginum 16. ágúst í Kjarnaskógi á 70 ára afmæli Kjarnaskógar Þar eldaði Lára Erlingsson skógarsveppasúpu, steiktar voru lummur og hitað ketilkaffi. Á þessum sama degi, 16. ágúst stóðu skógarbændur í Skagafirði vaktina á hátíðinni „Sveitarsæla í Skagafirði“ og kynntu skógrækt og félagið okkar.

Við gáfum út fréttabréfið „Björkina“ sem send var félagsmönnum.

Að lokum vil ég þakka samstarfið við Skógræktina á árinu, lánið á fundaraðstöðu í gömlu Gróðrarstöðinni, auk þess vil ég sérstaklega þakka Valgerði fyrir að vera talsmaður okkar, sitja með okkur á stjórnarfundum, gefa út og skrifa Björkina og aðstoða okkur á allan þann hátt sem við þörfumst.

Sigurlína J. Jóhannesdóttir formaður.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

2. Reikningar félagsins.

Birgir Steingrímsson gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og kynnti þá. Tekjur ársins voru félagsgjöldin, 818.300 kr. Tap ársins var 125.951 kr. Eign í peningum 1.046.673 kr.

Reikningarnir voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Tillögur.

Árgjöld:

Lagt er til að árgjald verði óbreytt frá síðasta ári.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi, haldinn á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd, 22. mars 2018, samþykkir að árgjald verði 7.000 kr á jörð, 2.000 kr á félagsmann og 4.000 kr á samrekstraraðila (gr.6 í lögunum).

Tillaga frá stjórn:

Aðalfundur félags skógarbænda á Norðurlandi, haldinn á Þórisstöðum 22. mars 2018, felur stjórn félagsins að hafa forgöngu um að stofnaður verði hópur hagsmunaaðila á svæðinu sem hafi það hlutverk að kanna möguleika á sölu grisjunarviðar til kísilverksmiðjunnar á Bakka. Í hópnum verði einn fulltrúi frá Félagi skógarbænda á Norðurlandi, einn frá Skógræktinni og einn frá Skógræktarfélaginu á Norðurlandi.

Greinargerð:

Eins og kunnugt er, mun kísilverksmiðja PCC silicon brátt hefja starfsemi sína á Bakka við Húsavík. Verksmiðjan mun þurfa mikið magn timburs við framleiðsluna. Ljóst er að á næstu árum mun stærsti hluti þess timburs verða innflutt þar sem skógarauðlind okkar er ekki nægjanlega stór til að anna eftirspurninni. Mikilvægt er að reynt verði að ná samningum þannig að hægt verði að selja til verksmiðjunnar það timbur sem til fellur við grisjanir á verði sem viðunandi er.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál. Valgerður Jónsdóttir kynnti stöðu mála hvað snertir samskipti Skógræktarinnar og PCC silicon. Ljóst er að stórfyrirtæki sem þetta mun bara semja við einn aðila og mun Skógræktin verða sá aðili. Einnig er ljóst að eftir 10 ár þá mundum við á Norður og Austurlandi ekki geta annað nema 1/6 af eftirspurninni. Fundarmenn fögnuðu tillögunni sem var samþykkt samhljóða.

4. Kosningar.

Úr stjórn áttu að ganga Baldvin og Sigurlína. Síðan félagið var stofnað hefur verið lögð áhersla á að dreifa stjórnarfólki sem best um allt starfssvæðið. Þau gefa bæði kost á sér áfram. Samþykkt með lófaklappi.

Tveir í varastjórn til eins árs.

Núna eru í varastjórn: Fyrsti varam. Anna Árnína Stefánsdóttir Steinhólum 2, annar varam. Soffía Björgvinsdóttir Garði og þriðji er Leifur Guðmundsson Klauf. Stungið var upp á þeim áfram og samþykkt með lófaklappi.

Tveir skoðunarmenn reikninga.

Nú eru: Ketill Tryggvason Hallgilsstöðum og Kristján I Jóhannesson Hróarsstöðum, þeir gáfu báðir kost á sér áfram og var það einnig samþykkt með lófaklappi. Stungið var upp á Davíð Herbertssyni og Páli Ingvarssyni sem varamönnum og var það samþykkt.

5. Umræður.

Spurt var um skipun nefndar um jólatrjáræktun. Else Möller hélt utan um tilrauna verkefni í skógrækt en nú er því lokið og ekki ljóst hvað tekur við. LSE skipaði nefnd um jólatrjáræktun og er Anna Ragnarsdóttir Krithóli okkar fulltrúi í nefndinni.



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Einnig var spurt um kurlara á Norðurlandi. Nefndir voru tveir aðilar sem taka að sér kurlun, Jóhannes Gíslason Syðra-Hóli í Eyjafirði og Þórður Hansen á Sauðárkróki. Hlynur framkvæmdastjóri LSE lýsti yfir áhuga sínum að koma upp upplýsinga banka á heimasíðu LSE um verktaka sem geta nýst skógarbændum.

6. Önnur mál.

Sigurlína þakkaði fyrir traustið sem henni og Baldvini er sýnt með endurkjöri. Hún ætlaði að hætta en gekk illa og ekki að fá manneskju á sínu svæði í sinn stað.

Sigurlína og Brynjar ræddu þá hugmynd Péturs Halldórssonar kynningarstjóra hjá Skógræktinni að fá skógarbændur til að skrifa greinar í blöð um nytjaskógrækt og jafnvel líka skrifa ráðherra opið bréf undir yfirskriftinni „Já ráðherra, hvar eru peningarnir?“

Sigurlína minnti á aðalfund LSE í haust sem verður haldinn á Suðurlandi 5.-7. október. Sagði einnig frá því að við Norðlendingar sæjum um aðalfundinn haustið 2019 og að hann yrði væntanlega í Kjarnalundi við Akureyri.

Skógardagurinn verður haldinn 23. júní í sumar á Vöglum og verður í tengslum við viðburði á landsvísu, „Líf í lundi“ en ætlunin er að um Jónsmessu helgina verði skógardagar og viðburðir víða um land sem auglýstir verði sameiginlega.

Skógarganga FSN verður þetta árið hjá skógarbændunum Agnesi og Kristjáni á Hróarsstöðum í Fnjóskárdal þann 16. ágúst, hún verður auglýst betur þegar nær dregur.

Hlynur sagði frá landbúnaðarsýningu sem verður í Laugardagshöllinni 12.-14. október, LSE er þegar búin að festa sér bás þar.

7. Erindi.

Til stóð að Sigríður Júlía Brynleifsdóttir sviðstjóri skógarauðlindasviðs mundi mæta en því miður þá forfallaðist hún en Valgerður Jónsdóttir tók að sér að flytja erindi úr glærum frá Sigríði. Hún fjallaði um sameininguna og hvernig til hefði tekist, minnti á að einungis væri komið eitt heilt ár í nýju umhverfi. Mikil orka hefur farið í landshlutaverkefni og þjóðskógarnir hafa orðið svolítið út undan. Það var gróðursett á 258 jörðum á landinu, 1,8 milljónir plantna. Mest var gróðursett á Norðurlandi, 509.000 plöntur. Rauntímaskráning var reynd á nokkrum stöðum og lofar góðu.

Í lok árs voru 182 skógræktarsamningar á Norðurlandi, tæpir 11 þús. hektarar lands. Í Vestur Húnavatnssýslu fór verkefni í gang á árinu 2017 sem nefndist Búskaparskógrækt og var almenn ánægja með það, því miður fékkst einungis fjármagn í það verkefni í eitt ár. Hún talaði um mikilvægi þjóðskóganna okkar en á síðasta ári voru gróðursettar 200.000 plöntur í þeim. Þar fer fram mikilvæg og margvísleg starfsemi, t.d. eru rekin þar tjaldstæði og á síðasta ári voru gistinætur þar um 20.000 talsins. Á Vöglum er fræhús starfrækt sem Valgerður veitir forstöðu. Að lokum ræddi hún um mikilvægi góðrar samvinnu milli Skógræktarinnar, LSE og Skógræktarfélags Íslands, fagmennska – samvinna – framsækni eiga að vera okkar einkennisorð.

Hlynur Gauti Sigurðsson nýr framkvæmdastjóri LSE var einnig gestur fundarins. Hann kynnti sjálfan sig og fyrri störf, ræddi um sýna sýn á okkar málum og væntingar í starfinu fram undan.

Fleira ekki gert og fundi slitið upp úr kl.17:00

21 manns mætti á fundinn, veitingar voru keyptar af Hótel Natur Þórisstöðum.

Að loknum fundi bauð staðarhaldari Stefán Tryggvason fundarmönnum að skoða framkvæmdir á Leifsstöðum.

Fundargerð ritaði Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir.